

Tónlistarskóli Grindavíkur – Tónfræðinám


Tónfræði er kennd samhliða hljóðfæranámi. Tónfræði er bóklegt fag þar sem nemandi mætir í 40 mínútna langa kennslustund í viku hverri hjá tónfræðikennara.



Tónfræði hefur oft á tíðum haft það orð á sér að vera leiðinlegt fag en í Tónlistarskóla Grindavíkur er lögð áhersla á að námið sé lifandi, skemmtilegt og faglegt. Námsbækur þær sem notaðar eru til tónfræðikennslu í Tónlistarskóla Grindavíkur eru svokallaðar **Opus 1 – 8**, bækur eftir þær Guðfinnu Guðlaugsdóttur og Mörту E.

Sigurðardóttur. Þetta er tiltölulega nýtt námsefni sem er afar aðgengilegt og skemmtilegt. Það sameinar bæði tónfræðinám og tónlistarsögu (tónlistarsögu að minna leyti þó).

Tónfræði er skyldufag og er nauðsynleg til að auka þekkingu á nótnagildum og öllu er viðkemur skilningi á tónlist og tónlistarflutningi. Þegar nemandi þreytir stigspróf á hljóðfæri sitt þarf hann að hafa lokið sambærilegu prófi í tónfræðum. Þegar þreytt er áfangapróf á hljóðfæri fær nemandi ekki prófskírteini afhent nema hann hafi lokið sambærilegu prófi í tónfræðum.



Hljóðfæranám nemanda verður allt mun auðveldara og aðgengilegra ef nemandi stundar tónfræðinámið samviskusamlega. Hann verður fljótari að öðlast skilning á nótnalestri og nótnaskrift og verður fyrir vikið mun fljótari að ná valdi á hljóðfæri sínu. Þar af leiðandi nýtast kennslustundir nemanda hjá hljóðfærakennara mun betur.

Tónfræði er kennd samkvæmt aðalnámskrá Mennta og menningarmálaráðuneytis: <http://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/RT-almennurhluti.pdf>

Gert er ráð fyrir að nemandi ljúki einni bók (einu stigi) á námsári hið minnsta.